

verzlunarstjóri Helgi Björnsson á Bakkagerði í Borgarfirði, reka verzlun á Borgarfirði með firmanafninu »Helgi Björnsson & Co.«, allir með fullri ábyrgð, og taka jafnan þátt í ágóða og skaða af fyrirtækinu. Fjórir hinir fyrstnefndu eru í stjórn þess, en Helgi Björnsson framkvæmdarstjóri á Borgarfirði og prókúruhafi. Undirskriptir tveggja úr stjórninni þarf til þess að skuldbinda fjelagið, sem hefir lögheimili og varnarþing á Seyðisfirði. — Lög fjelagsins eru dagsett 29. apríl 1905.

IX. Sudurmúlasýsla.

1. Hlutfjelagið »Det islandske Hvalfangerselskab« rekur hvalveiðar frá Svínaskálastekk í Reyðarfirði og hagnýtir sjer þar veiðina. Samþykktir eru gerðar 29. nóvbr. 1896. Í stjórn fjelagsins eru: Adm. Direktör Ásgeir Guðmundur Ásgeirsson til heimilis í Gentofte. — Stjórnarráð: 1) Nathan Heine formaður, 2) Emmerich Mathias Ludvig Möller, 3) Waldemar Holm. — Direktör eða formaður stjórnarráðsins rita firmað hver fyrir sig. Höfuðstóll er 280,000 kr. í hlutum uppá 4000 kr., er hljóða á nafn. 25% innborgað $\frac{24}{12}$ 1896; afgangur, er stjórnin krefst þess. — Birting í Statstidende í Köbenhavn.
2. Hlutfjelagið: »Island, Hval-Industri Aktieselskab« hagnýtir sjer hvalaafurðir af hvölum, sem þeir kaupa á Fögrueyri við Fáskrúðsfjörð. Samþykktir eru gjörðar $\frac{24}{3}$ 1903 og $\frac{16}{2}$ 1904. Stjórnandi: Heinrich Grehmann, sem ritar firmað. Prókúru hefir Þórarinn Erlendur Tulinius. Höfuðstóll er 100,000 krónur í hlutum uppá 200 kr., er hljóða á handhafa, event. nafn; er hann allur innborgaður. Firmað er búsett í Köbenhavn og á Fögrueyri Birting í Berl. Tidende eða öðru dagblaði í Köbenhavn.

Auglýsing

131

frá *skráritara vörumerkja í Reykjavík* um skrásetningar þær, sem gjörðar hafa verið árið 1905.

Skrás. 1905 nr. 1. Tilkynt 26. apríl 1905 kl. 5₁₅ sídd. af *E. F. Dan*, þakpappagerðarmanni í *Nakskov* í Danmörku, og skrásett 28. s. m.

Lýsing á merkinu: Vikingur á hestbaki, sem með hægri hendinni stjórnar hestinum, en í hinni vinstri heldur á lúðri, er hann blæs í. Við hlið hans hangir kringlóttur skjöldur; eru á skildinum 18 deplar, sem skipt er í 3 þríhyrninga, en hverjum þríhyrningi í 3 raðir, og 3, 2 eða 1 depill í hverri röð.

Merkið er samkv. tilkyningu, dags. 3. apríl 1901, skrásett í Kaupmannahöfn 29. s. m.

131

Skrás. 1905 nr. 2. Tilkynnt 26. júlí 1905 kl. 4₁₅ síðd. af *Þorkeli Þorkels-
syni Clementz* vjelfræðing í *Reykjavík*, og skrásett 27. s. m.

Lýsing á merkinu: Elgshorn með fjórum kvislum og stafirnir E L G milli kvislanna.

Vörumerkið á aðeins að nota á reiðhjól og reiðhjólalimi, þar með talin reiðhjól með hreyfivjelum (bifhjól) og mótorvagnar (bifreiðar).

Skrás. 1905 nr. 3. Tilkynnt 20. september 1905 kl. 1¹/₂ síðd. af *Thor E. Tulinius* stórkaupmanni í *Kaupmannahöfn*, og skrásett 28. s. m.

Lýsing á merkinu: Innan í hring standa efst í hálfsvæig orðin: ROYAL DAYLIGHT, þar fyrir neðan í lárjettri línu í miðjum hringnum orðið: PETROLEUM, og neðst í hringnum eru 3 sjöyddar stjörnur í sveig.


Merkið á eingöngu að nota á steinoliulát.



Skrás. 1905 nr. 1



Skrás. 1905 nr. 2



Skrás. 1905 nr. 3

Skrifstofu vörumerkjaskrárutarans í Reykjavík, 30. desember 1905.

132

Reikningur

yfir tekjur og gjöld hins almenna kirkjusjóðs árið 1904.

Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári:

a. Lán	kr. 41118 58
b. Ógreiddir vextir	— 128 00
	<hr/>
	flyt kr. 41246 58